

Miðvikudaginn 13. júní 1973.

Nr. 52/1972: **Dagfinnur Stefánsson**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

**Soffíu Haraldsdóttur**

**og gagnsök.**

(Magnús Thorlacius hrl.)

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar:**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. apríl s. á. Skilja verður kröfur aðaláfrýjanda svo, að hann krefjist þess, að hrundið verði kröfum gagnáfrýjanda um riftun á uppboðskaupum hans á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, svo og að kröfur aðaláfrýjanda um tvo frádráttarliði, að fjárhæð kr. 163.600.00 og kr. 33.256.00, frá uppboðsverði greindrar fasteignar á uppboði 15. júlí 1971 verði teknar til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1972, sbr. 3. málsg. 20. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hún þess aðallega „að uppboðskaupum aðaláfrýjanda á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár og lagt fyrir uppboðshaldara að láta fara fram uppboð af nýju“. Til vara er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að undanskildu ákvæði um málskostnað. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Bú þeirra aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda sætir opinberum skiptum í skiptadómi Reykjavíkur vegna lögskilnaðar

þeirra, er veittur var með bréfi dómsmálaráðherra 7. ágúst 1970. Með bréfi 25. marz 1971 óskaði skiptaráðandinn í búinu, Sigurður M. Helgason borgarfégeti, eftir því við uppboðshaldarann í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að byggingarlóðin að Haukanesi 26, Garðahreppi, „tilheyrandi búinu, en þinglýst á nafn Dagfinns Stefánssonar“ yrði seld á opinberu uppboði. Segir í bréfinu, að þetta sé gert „samkvæmt ákvörðun skiptafundar“ í framangreindu búi. Ósk þessi var áréttuð með bréfi skiptaráðandans til uppboðshaldara, og var þess þá getið, að óskað sé, að uppboð verði auglýst af nýju „til sameignarslita“. Fór uppboðið fram 15. júlí 1971, svo sem greint er frá í hinum áfrýjaða úrskurði. Varð ágreiningur um úthlutunargerð, en samkvæmt drögum uppboðshaldara að henni skyldi draga frá fjárhæð hæsta boðs, sem nam 550.000.00, tvo liði, hitaveitugjald, sem aðaláfrýjandi greiddi 1. marz 1968, að fjárhæð kr. 33.256.00, og gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 163.600.00, sem aðaláfrýjandi greiddi 39. september 1970. Hlutur hvors hjóna var síðan ákvarðaður samkvæmt drögum þessum með því að skipta mismuninum í tvo jafna parta. Fyrir skiptadómi flutti Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður mál þetta vegna gagnáfrýjanda hér fyrir dómi og skiptaráðandans í Reykjavík, er gaf nefndum lögmanni hinn 8. desember 1971 „umboð til að flytja mál það, er búið (Soffía Haraldsdóttir) á nú í gegn Dagfinni Stefánssyni fyrir uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu . . .“

Samkvæmt því, sem rakið var um tilbúnað máls þessa í héraði, var skiptaráðandinn í Reykjavík beiðandi uppboðsins, og er hann því aðili uppboðs samkvæmt 1. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Svo sem lýst var hér að framan, var mál þetta flutt í héraði, m. a. af hálfu skiptaráðandans í Reykjavík. Er þessa getið í úrskurði uppboðsdóms og jafnframt, að af hálfu skiptaráðanda hafi ekki verið gerðar sérstakar kröfur í málflutningi. Skiptaráðandinn í Reykjavík var samkvæmt framansögðu aðili uppboðsmálsins, og bar að stefna honum fyrir Hæstarétt. Það hefur eigi verið gert, og verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi

greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

### D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Dagfinnur Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Soffíu Haraldsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum .

### Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

4. janúar 1972.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 16. desember s.l. að loknum munnlegum málflutningi, hefur umboðsmaður sækjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, krafizt þess aðallega, að uppboðskaupum verjanda á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár, en til vara, að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði áður nefndrar byggingarlóðar, samtals kr. 196.856.00. Kröfur umboðsmanns verjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, eru þær, að öllum kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að umbjóðanda hans, Dagfinni Stefánsyni, verði lögð út byggingarlóðin nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, gegn greiðslu þeirri, sem hann hefur þegar innt af hendi til uppboðsréttarins, að áskildum rétti verjanda til að krefjast helmings af kostnaði við uppboð eignarinnar af hluta sækjanda úr félagsbúi málsaðilja. Báðir krefjast málsaðiljar málskostnaðar úr hendi hvors annars að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Með bréfi ódagsettu, en móttæknu hjá embættinu 11. maí 1971, beiddist Sigurður Helgason borgarfégeti þess, að auglýst yrði uppboð til sameignarslita vegna skipta á félagsbúi Dagfinns Stefánssonar og fyrrverandi konu hans, Soffíu Haraldsdóttur, á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi, eign nefnds félagsbús. Auglýsing þessa efnis birtist síðan í 31., 35. og 37. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1971, og var þar fram tekið, að uppboð á nefndri byggingarlóð færi fram á henni sjálfri fimmtudaginn 15. júlí 1971, klukkan 2.00 e. h., til sameignarslita samkvæmt beiðni

skiptaréttar Reykjavíkur, og einnig, að lóð þessi væri þinglýst eign varnaraðilja, Dagfinns Stefánssonar.

Til áréttingar auglýsingu þessari birtist síðan í dagblaðinu Vísi þann 12. júlí 1971 efnislega samhljóða auglýsing.

Sala á eigninni fór svo fram, eins og ákveðið hafði verið, þann 15. júlí s.l. og varð hæstbjóðandi á uppboðinu Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður f. h. varnaraðilja í máli þessu, Dagfinns Stefánssonar. Var boð hans kr. 550.000.00. Næsthæstbjóðandi var Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. sóknaraðilja, Soffiu Haraldsdóttur. Á uppboðinu tók umboðsmaður verjanda fram og óskaði bókað, að hann (verjandi) hefði að hálfu greitt gatnagerðargjald af lóðinni og krefðist hann þess, að það yrði greitt af uppboðsandvirði eignarinnar. Síðar við rekstur máls þessa lagði umboðsmaður varnaraðilja fram skilríki (kvittanir) fyrir því, að hann (varnaraðili) hefði þann 1. marz 1968 greitt hitaveitugjald til Hitaveitu Arnarness, kr. 33.256.00, og þann 29. september 1970 hefði hann greitt til sveitarsjóðs Garðahrepps vegna Haukaness 26 kr. 163.600.00, eða samtals kr. 196.856.00. Ekki komu fram við uppboðið mótmæli frá sóknaraðilja eða umboðsmanni hennar gegn þessari kröfu umboðsmanns varnaraðilja.

Þann 16. júlí s.l. greiddi umboðsmaður varnaraðilja til embættis uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu kr. 100.000.00 upp í uppboðsandvirði hinnar seldu eignar. Leið svo fram til 27. október s.l., að ekki voru gerð frekari skil á uppboðsandvirðinu af hálfu uppboðskaupanda eða umboðsmanni hans, en þann dag sendi uppboðshaldari þeim Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni sem umboðsmanni hæstbjóðanda í eignina, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni sem umboðsmanni næsthæstbjóðanda og Sigurði M. Helgasyni, borgarfégeta í Reykjavík, sem uppboðsbeiðanda símskeyti, þar sem segir, að krafizt hafi verið tafarlauss uppgjörs á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, sem hér ræðir um, og hafi hann (uppboðshaldari) því ákveðið, að hafi ekki hæstbjóðandi gert upp uppboðið að fullu fyrir 6. nóvember s.l., yrði tekið næsthæsta boð í eignina eða uppboð haldið að nýju á henni vegna vangreiðslu á uppboðsandvirðinu. Daginn eftir, þ. e. 28. október s.l., komu fyrir uppboðshaldara Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður og með honum verjandi í máli þessu, Dagfinnur Stefánsson, og lögðu fram sem tryggingu fyrir eftirstöðvum þess hluta uppboðsandvirðis hinnar seldu eignar, sem þeir töldu uppboðskaupanda eiga að standa skil á, svo og áætluðum uppboðskostnaði ávísun á Verzlunarbanka Íslands að fjárhæð kr. 185.000.00.

Héldu þeir því fram sem fyrr við þetta tækifæri, að sá hluti fasteignagjalda, sem verjandi hafði greitt af hinni seldu eign, skyldi við uppgjör koma til frádráttar af uppboðsandvirðinu óskiptu, áður en því yrði skipt milli sameigenda hinnar seldu eignar, þ. e. aðilja þessa máls.

Þann 8. nóvember s.l. var mál þetta tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu að viðstöddum Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni sækjanda, Ólafi Þorgrímsyni hæstaréttarlögmanni umboðsmanni verjanda, og Sigurði M. Helgasyni, borgarfégeta í Reykjavík, uppboðsbeiðanda.

Við fyrirtöku þessa lagði uppboðshaldari fram uppkast að úthlutunargerð á andvirði hinnar seldu eignar, þar sem gert var ráð fyrir, að fasteignagjöld þau, sem verjandi hafði greitt af hinni seldu eign, sbr. það, sem hér að framan segir, yrðu dregin frá uppboðsandvirðinu óskiptu og að hlutur hvors sameigenda hinnar seldu eignar, þ. e. aðilja þessa máls, yrði því kr. 550.000.00 ÷ 196.856.00 = 353.144.00 : 2 = 176.572.00. Þessu uppkasti að úthlutunargerð mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja og óskaði að leggja fram greinargerð í málinu til rökstuðnings mótmælum sínum. Hafa síðan umboðsmenn málsaðilja beggja lagt fram greinargerðir sínar og munnlegur flutningur málsins farið fram, svo sem áður segir.

Aðalkröfu sína um, að uppboðskaupum varnaraðilja verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár, styður umboðsmaður sóknaraðilja með því, að varnaraðili hafi látið undir höfuð leggjast að greiða allt uppboðsandvirðið og gert þau skil, sem hann hafi gert seint og illa. Telur hann (umboðsmaður sóknaraðilja), að af þessu réttlætist riftun uppboðskaupanna.

Varakröfu sína, þ. e. að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð, samtals kr. 196.856.00, styður umboðsmaður sóknaraðilja þeim rökum, að þrátt fyrir það, að uppboð það, sem hér ræðir um, hafi farið fram á uppboðsþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af þeirri ástæðu einni, að það sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1949, 23. gr. Þá sé það fjarstæða, að uppboðshaldarinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigi fyrir þær sakir að grípa fram fyrir hendur skiptaréttar Reykjavíkur, þar sem skipti á félagsbúi málsaðilja fara nú fram. Sé því ekki um það að ræða, að verið sé að gæta hagsmuna þeirra, sem veðbönd eiga í þeirri eign, sem seld hefur verið á uppboði, heldur telji varnaraðili sig hafa lagt út fé fyrir búið og eiga kröfu á endurgreiðslu. Segir umboðsmaður sóknaraðilja, að hún hafi einnig lagt út fé

fyrir búið og eigi því kröfu á endurgreiðslu, en það heyri undir skiptarétt Reykjavíkur, hvernig eignir og skuldir búsins skiptast með aðiljum þessa máls. Sé það í hans verkahring, en ekki uppboðshaldara í öðru lögsagnarumdæmi.

Kröfu sína um útlagningu á hinni seldu eign til varnaraðilja rökstyður umboðsmaður hans með því, að fasteign sú, sem hér ræðir um, sé hjúskapareign varnaraðilja, sem hann eigi rétt á að fá sér lagða út gegn greiðslu á sannvirði hennar til fullnægju á rétti sóknaraðilja. Um þetta segir umboðsmaður varnaraðilja raunar hafa verið reynt að semja, en það hafi ekki tekizt og hafi því ekki verið annars kostur en að sannreyna verðmæti eignarinnar með uppboði. Telur umboðsmaður verjanda, að umbjóðandi hans hafi ekki einu sinni þurft að bjóða sjálfur í eignina, heldur hafi hann getað krafizt á henni útlagningar samkvæmt hæsta boði. Þá hefur umboðsmaður verjanda bent á í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins, að það sé meginregla í íslenskum rétti, að ekki aðeins skuli uppboð á fasteignum fara fram í þinghá, þar sem þær eru, sbr. 23. og 12. gr. laga nr. 57/1949, heldur og einnig, að öll mál út af réttindum yfir fasteign skuli rekin í þinghá, þar sem fasteignin liggur, sbr. 78. gr. laga nr. 85/1936. Af þessum sökum telur hann, að uppboðshaldara beri að skera úr ágreiningi í máli þessu. Þá bendir umboðsmaður varnaraðilja einnig á, að á hinni seldu eign hafi hvílt samningsbundnar kvaðir um greiðslu gatnagerðargjalds og greiðslur vegna þátttöku í Hitaveitu Arnarness. Hafi þess verið getið við uppboð á eigninni, að verjandi hafi greitt upp í gjöld þessi, eftir að aðiljar þessa máls slitu hjúskap sínum, og hafi þess þá verið krafizt, að þessar fjárhæðir yrðu endurgreiddar af uppboðsandvirðinu óskiptu. Hvorki skiptaráðandinn í Reykjavík né umboðsmaður sóknaraðilja, sem báðir hafi verið viðstaddir, er uppboðið fór fram, hafi mótmælt þessu og hafi uppboðið farið þannig fram. Telur umboðsmaður varnaraðilja hann eiga ótvíræðan skuldajafnaðarrétt við uppboðsandvirðið, bæði vegna helmingseignar sinnar í andvirði eignarinnar sem og þeirra kvaðagreiðslna, sem hann hafi leyst til sín, eftir að hjúskap aðilja lauk. En jafnframt eigi hann kröfu til greiðslu á helmingi þess kostnaðar, sem leitt hefur af uppboðinu, í búshluta sóknaraðilja. Þá hefur umboðsmaður verjanda enn fremur bent á, að bú málsaðilja sé undir opinberum skiptum eftir kröfu sækjanda og sé hann (þ. e. sækjandi) því ekki að hans álitu aðili þessa máls, heldur skiptaráðandinn í Reykjavík vegna búsins.

Þess skal getið, að við munnlegan flutning máls þessa lagði umboðsmaður sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, fram málflutningsumboð, þar sem segir, að áðurnefndur lögmaður hafi umboð til að flytja mál það, er búið (Soffía Haraldsdóttir) á nú í gegn Dagfinni Stefánssyni fyrir uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, búinu að kostnaðarlausu. Umboð þetta er undirritað af Sigurði M. Helgasyni borgarfégeta, sem fer með skiptamál málsaðilja fyrir skiptarétti Reykjavíkur. Af hálfu skiptaréttar Reykjavíkur hafa hins vegar engar kröfur verið gerðar við rekstur máls þess, sem hér er til úrskurðar.

Aðalkrafa sóknaraðilja í máli þessu er, svo sem áður getur, að uppboðskaupum varnaraðilja á lóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi verði vegna dráttar á greiðslu uppboðsandvirðis riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár.

Rétt er það að vísu, að allmikill og verulegur dráttur hefur orðið á því, að uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu, stæði uppboðshaldara skil á uppboðsandvirðinu samkvæmt boði sínu.

Þess ber þó að gæta, að varnaraðili greiddi þegar, eftir að uppboðshaldari hafði sett honum ákveðinn lokafrest til greiðslu þess, þann hluta uppboðsandvirðisins, sem hann (varnaraðili) taldi sig að eigin mati eiga að greiða, en mál það, sem hér er til úrskurðar, er hins vegar sprottið af ágreiningi málsaðilja um greiðslu hins hluta uppboðsfjárhæðarinnar. Þykja því samkvæmt framansögðu og eftir atvikum ekki nægileg efni til riftunar á uppboðskaupum varnaraðilja, og er því aðalkrafa sóknaraðilja ekki tekin til greina.

Varakrafa sóknaraðilja er, að niður verði felldir frádráttarlíðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, svo sem lýst er hér að framan, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00.

Vegna þessarar kröfu er þetta tekið fram:

Svo sem hér að framan er getið, fór uppboð á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, fram samkvæmt beiðni skiptaráðandans í Reykjavík, en hann hefur með höndum skipti á félagsbúi aðilja máls þessa, Dagfinns Stefánssonar og Soffíu Haraldsdóttur.

Virðist því vera ljóst, að eign þessi hafi verið hluti af heildareignum félagsbús áðurnefndra hjóna og hafi beiðni skiptaráðandans í Reykjavík um uppboðssölu á þessum eignarhluta búsins byggzt á því aðeins, að honum yrði komið í verð, þar eð málsaðiljar hafi ekki verið ásáttir um, í hvors hlut eign þessi skyldi koma við skiptin. Af framansögðu virðist leiða, hvað sem öðru

líður, að andvirði nefndrar eignar, eins og það reyndist verða samkvæmt hæsta boði á uppboði því, sem fram fór á eigninni þann 15. júlí 1971, skuli allt og óskipt renna í nefnt félagsbú, sem er í vörzlu skiptaráðandans í Reykjavík. Beri því uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að innheimta uppboðsandvirði hinnar seldu eignar samkvæmt hæsta boði í hana á áðurnefndu uppboði og greiða andvirðið síðan uppboðsbeiðanda, skiptaráðandanum í Reykjavík.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur frá upphafi máls þessa krafizt þess, að greiðslur þær, sem hann (varnaraðili) hefur innt af hendi vegna hinnar seldu eignar (fast eignagjöld), eftir að fjárfélagi hjóna þeirra, sem eru aðiljar þessa máls, var slitið, skuli dragast frá uppboðsandvirði hinnar seldu eignar óskiptu svo og beri sóknaraðilja að greiða helming uppboðskostnaðar. Telja verður, að kröfum öllum á hendur búi því, sem hér ræðir um, án tillits til þess, af hvaða skiptum þær eru sprottnar eða af hvaða eignarhlutum búsins þær kunna að stafa, beri að beina til þess aðilja, sem hefur með höndum skipti heildareigna búsins milli aðilja þessa máls, þ. e. skiptaréttar Reykjavíkur, og verði ekki gegn mótmælum sóknaraðilja tekin afstaða til neinna sérkrafna viðkomandi búinu fyrir öðrum rétti, t. d. uppboðsrétti, sem engin önnur afskipti hefur haft af skiptum viðkomandi bús en þau að annast sölu á eignarhlutum þess eftir beiðni skiptaráðanda, sem með búið fer í heild.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða þessa réttar sú, að tekin verður til greina varakrafa umboðsmanns sóknaraðilja um, að niður skuli felldir frádráttarliðir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00, og skuli fjárhæðin öll samkvæmt hæsta boði í eignina, kr. 550.000.00, afhent skiptaráðandanum í Reykjavík, er hún hefur að fullu verið greidd uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Uppboðskostnað allan ber uppboðskaupanda eftir almennum reglum og samkvæmt uppboðsskilmálum að greiða.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

#### Því úrskurðast:

Aðalkrafa sóknaraðilja, Soffíu Haraldsdóttur, um riftun uppboðskaupa varnaraðilja, Dagfinns Stefánssonar, á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, á uppboði 15. júlí 1971 án endurgreiðslu innborgaðs fjár er ekki tekin til



greina, enda greiði uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu þegar að fullu uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, kr. 550.000.00, til uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Tekin er hins vegar til greina varakrafa sóknaraðilja um, að niður verði felldir frádráttarliðir í framlögðu frumvarpi að úthlutun á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1973.

**Nr. 62/1972: Jón Gunnar Möller**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Skiptaráðandanum á Siglufirði**

**f. h. þrotabús Kaupfélags Siglufirðinga**

(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Gjaldþrot. Forgangskrafa.

### **Dómur Hæstaréttar:**

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 12. maí s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér sem forgangskröfu kr. 70.794.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur eigi gagnáfrýjað máli þessu. Hann sættir sig við úrlausn skiptadóms um kröfur að fjárhæð kr. 51.392.80 svo og að kröfur hans séu forgangskröfur í þrotabúinu. Hann andmælir vaxtakröfum áfrýjanda svo og málskostnaðarkröfum hans.